



Gátlisti

Upplýsingagjöf vegna umsóknar um starfsleyfi
sem greiðslustofnun skv. 4. gr. laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu.

II. kafli grþl.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir starfsleyfi skv. II kafla laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að á heimasíðu Seðlabanka Íslands má finna yfirlit yfir m.a. reglugerðir, reglur, viðmiðunarreglur og leiðbeinandi tilmæli sem gefin hafa verið út í tengslum við starfsemi greiðslustofnana. Umsækjendum er bent á að kynna sér það efni sem er viðeigandi fyrir þá starfsemi sem sótt er leyfi fyrir.

Auk framangreinds má vekja athygli á viðmiðunarreglum European Banking Authority (EBA) sem hjálplegt er að hafa til viðmiðunar við vinnslu umsókna. Sjá nánar hér: [Viðmiðunarreglur nr. 9 frá árinu 2017 um upplýsingagjöf tengdum umsóknum um starfsleyfi greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja](#).

Fjármálaeftirlitið óskar eftir fundi með umsækjendum áður en umsókn er skilað.

Umsókn skal vera skrifleg og undirrituð af stjórn félagsins.

Umsókninni skulu fylgja gögn þau sem tilgreind eru í 4. gr. laga um greiðsluþjónustu, sbr. útfærsla ákvæðisins, í eftirfarandi lista:

Nr.	Lagatilvísun	Efni
1.	1. og 2. tölul. 4. gr. grþl.	Upplýsingar um félagið og greiðsluþjónustuna sem fyrirhugað er að veita.
1.1		Vottorð félags frá fyrirtækjaskrá RSK. Einnig upplýsingar um heimasíðu félagsins ef við á.
1.2		Upplýsingar um fyrirhugaða leyfisskylda starfsemi félagsins, sbr. 22. tölul., 1. mgr., 3. gr. laga nr. 114/2021. Jafnframt skal veita upplýsingar um fyrri starfsemi sem félagið hefur stundað sem og upplýsingar um það ef félagið hefur stundað leyfisskylda starfsemi og verið undir eftirliti eftirlitsaðila.
2.	19. tölul. 4. gr. grþl.	Samþykktir félags.
2.1		Núverandi samþykktir félags og drög að samþykktum verði starfsleyfi veitt.
3.	4.,5., 11., 17. og 19. tölul. 4. gr. grþl.	Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.
3.1		Ítarleg umfjöllun um hvaða þjónustu félagið hyggst veita og með hvaða hætti, sbr. a) - h) liðir 22. tölul., 1. mgr., 3. gr. laga nr. 114/2021. Í umfjöllunin þarf m.a. að gera grein fyrir á myndrænan hátt hvernig flæði fjármagns sem greiðsluþjónustan tekur til á sér stað. Einnig þarf að gera grein fyrir ætluðu uppgjör fyrirkomulagi, uppgjörshraða og tíðni uppgjöra. Ekki þarf að gera grein fyrir framangreindu ef einungis er sótt um heimild til að veita þjónustu skv. g) eða h) lið 22. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 114/2021. Drög að rammameningi skv. 32. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 114/2021 þarf að fylgja umsókn.

Nr.	Lagatilvísun	Efni
3.2		Ítarleg umfjöllun um starfsskipulag ásamt skipuriti félagsins auk upplýsinga um fjölda starfsmanna á hverju sviði. Skipurit þarf að sýna hverja og eina deild/svið, auk þess að tilgreina nafn þess aðila sem er ábyrgur fyrir hverju og einu sviði auk starfslýsingar viðkomandi og fjölda starfsmanna. Einnig er hér vísað til tölulíðar 4.2, þar sem m.a. er fjallað er um skipulag innra eftirlits. Skipuriti skal fylgja skrifleg lýsing með ítarlegri útlitun og áætlun um fjölgun starfsmanna næstu þrjú árin. Upplýsingar um fjölda og staðsetningu starfsstöðva, séu þær fleiri en ein.
3.3		Útvistarstefna félagsins, nákvæm lýsing á fyrirhugaðri útvistun og afrit af samningum þar að lútandi. Allir samningar skulu vera undirritaðir áður en leyfi er veitt. Upplýsa þarf um útvistaradila, hver innan félagsins ber ábyrgð á útvistaðri starfsemi og hvernig eftirliti með útvistaðri þjónustu er háttað af hálfu innri eftirlitseininga félagsins. Umsækjendum er bent á að kynna sér leiðbeinandi tilmæli EBA Guidelines on outsourcing arrangements (EBA/GL/2019/02).
3.4		Upplýsingar um ytri endurskoðanda ásamt afriti af samningi. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 gilda að öðru leyti um bókhald, endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda greiðslustofnana til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 114/2021.
3.5		Gera skal grein fyrir mögulegum hagsmunaárekstrum félagsins við aðra eftirlitsskylda aðila.
3.6		Upplýsingar um hvort félagið er hluti af samstæðu. Ef svo er, þarf að veita upplýsingar um félög í samstæðunni. Ef umsækjandi er dótturfélag félags sem hefur starfsleyfi á Evrópska efnahags-svæðinu, þarf að fylgja lýsing á stjórnarháttum á samstæðugrundvelli.
3.7		Upplýsingar um starfsemi hjá félaginu sem fellur undir 16. gr. laga nr. 114/2021, eða hvort slík starfsemi sé fyrirhuguð af hálfu félagsins næstu þrjú árin. Hafi félagið í hyggju að stunda lánveitingar, þarf félagið að gera grein fyrir stefnu varðandi þær fyrirætlanir og senda afrit af lánareglum.
3.8		Upplýsingar um hvort fyrirhugað er að veita þjónustu erlendis, sbr. 23.-26. gr. laga nr. 114/2021
3.9		Upplýsingar um hvort stofnuð verði útibú eða notast verði við umboðsaðila. Í þeim tilfellum þarf að veita upplýsingar, sem nánar eru tilgreindar í lið 5.1. e) viðmiðunarreglna EBA nr. 9/2017.
4.	4.,9.,11.,13.,14., 16. og 19. tölul. 4. gr. grþl.	Upplýsingar um innra skipulag félagsins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
		Upplýsingar um hvernig varðveislu fjármuna viðskiptavina verði háttað, sbr. 10. gr. laga nr. 114/2021. Hafa skal hliðsjón af reglum Seðlabankans nr. 88/2020 um tryggilega varðveislu fjármuna sem greiðslustofnun móttækur.
4.1		Upplýsingar um hvernig varðveislu fjármuna viðskiptavina verði háttað, sbr. 10. gr. laga nr. 114/2021. Hafa skal hliðsjón af reglum Seðlabankans nr. 88/2020 um tryggilega varðveislu fjármuna sem greiðslustofnun móttækur. Að því marki sem fjármunir eru ekki varðveittir á sérstökum reikningi, sbr. áskilnaður í 1. mgr. 4. gr. ofangreindra reglna þarf að veita m.a. eftirfarandi upplýsingar um varðveislu þeirra fjármuna sem greiðslustofnun móttækur: <ul style="list-style-type: none"> i Upplýsingar um fjárfestingarstefnu félagsins. ii Upplýsa þarf um þá starfsmenn sem munu hafa aðgang og ráðstöfunarheimild yfir fjármunum viðskiptavina í vörslum félagsins. iii Gera þarf grein fyrir því hvernig tryggt er að fjármunir viðskiptavinar njóti verndar skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 114/2021, einkum ef félagið verður tekið til gjaldþrotaskipta. iv Afrit af samningi félagsins við fjármálafyrirtæki, sem veitir félaginu reikningsþjónustu fyrir fjármuni sem félagið móttækur í tengslum við greiðsluþjónustu þess. v Yfirlýsing félagsins um fylgni við 10. gr. laga nr. 114/2021.

Nr.	Lagatílvísun	Efni
4.2		<p>Upplýsingar um stjórnunarfyrikomulag og innra skipulag, þ.m.t. innri eftirlitsferla, aðferðir við stjórnun, áhættustýringu og reikningsskilum, sem sýnir að stjórnarhættir, eftirlitskerfi með áhættu og verkferlar séu viðeigandi</p> <p>m.v. umfang starfseminnar. Skila þarf m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Markmiðum félagsins varðandi áhættustýringu. Kortleggja og greina þarf þær áhættur sem fylgja rekstrinum. • Yfirliti yfir og viðeigandi reglur og verkferla. • Lýsingu á kerfum sem stuðst er við í áhættustýringu og álagsprófum. Fram komi einnig hve margir muni sinna áhættustýringu innan félagsins. • Svörum við spurningalista vegna áhættustýringar eftir því sem við á. Spurningalisti. • Gera skal grein fyrir ábyrgðaraðila/aðilum innra eftirlits hjá félaginu, ferilskrá viðkomandi aðila skal fylgja. • Gera þarf grein fyrir reikningsskila aðferð og fyrikomulagi við birtingu uppgjöra.
4.3		<p>Upplýsingar um öryggisstefnu og lýsing á öryggiskerfi umsækjanda. Meðal annars þarf að skila ítarlegu áhættumati, eins og nánar er lýst í 16. tölul. 4. gr. laga nr. 114/2021, sem og lýsingu á þeim meginreglum og skilgreiningum sem beitt er við söfnun á tölfræðilegum gögnum um árangur, færslur og svik, sbr. það sem fram kemur í 15. tölul. 4. gr. Sjá einnig liði 9.1. og 12. 1. viðmiðunarreglum EBA nr. 9/2017.</p> <p>Meðal þess sem þarf að koma fram er:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsa þarf um hvaða gagna er aflað vegna hvernig og einnar þjónustu og umfang upplýsingaöflunarinnar, aðferð við öflun upplýsinganna, tilgang og tíðni. Þá þarf að framvísa gögnum sem stuðst er við og sem lýsa því hvernig þessu er háttáð. • Lýsing á því hvernig leitast er við að koma í veg fyrir svik, með skipulagi félagsins (e. organisational measures). • Upplýsa þarf um þær einingar innan félagsins sem aðstoða viðskiptavinum, m.a. vegna svika, tæknilegra mála viðkomandi greiðsluþjónustunni eða þurfa að gera kröfu vegna tjóns. Upplýsa þarf um netfang og samskiptaleið viðskiptavina við félagið vegna framangreinds. • Upplýsa þarf um það hvernig tilkynnt er um svik (e. reporting lines). • Lýsa þarf aðgerðum og ferlum varðandi tilkynningu á öryggisfrávikum innan fyrirtækisins sem og til eftirlitsaðila, vegna alvarlegra rekstrar- eða öryggisfrávik, sbr. 100. gr. laga nr. 114/2021. • Einnig þarf að koma fram hvernig félagið hefur eftirlit með, fylgir eftir og dregur úr áhættu vegna rekstrar og öryggisfrávik.
4.4		<p>Upplýsingar er varða varðveislu gagna, persónuvernd, öryggismál og sterka sannvottun, sbr. 21. gr. og VI. kafli laga nr. 114/2021.</p> <p>Skila þarf m.a.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lýsingu á gagnafæði greiðslugagna í ljósi viðskiptalíkans félagsins sem og þeim upplýsingatæknikerfum sem notuð eru. Lýsing skal innihalda upplýsingar um dulkóðun og aðrar verndarráðstafanir. • Reglum og verkferlum vegna varðveislu og notkunar gagna (á ekki við um þá sem einungis veita þjónustu skv. h) lið 22. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 114/2021 og vinnslu á persónuupplýsingum, m.a. hvort gögn eru dulkóðuð og hvernig öryggisafrit eru geymd. Gæta þarf að því að eftirlitsaðilum sé tryggður aðgangur að slíkum upplýsingum og að það komi fram í ferlum félagsins. • Reglum um aðgangsstýringar þ.e. hvaða einstaklingar eða einingar félagsins hafa aðgang að fyrrgreindum gögnum. Reglum og verkferlum til að hafa eftirlit með, meðhöndla og fylgja eftir rekstrar- eða öryggisfrávikum m.a. sem viðkemur upplýsingaöryggi og kvörtunum viðskiptavina að því er varðar öryggisatriði. Meðal annars þarf að koma fram hvernig öryggisfrávik eru vöktuð og hvernig á að bregðast við þeim. • Lýsingu á eftirlitskerfum sem notuð eru við vöktun aðgangs, uppítíma, innbrota og annara þátta sem ástæða er talin til að vakta. • Upplýsingar um framkvæmd árlegs mats á öryggisráðstöfunum.

Nr.	Lagatilvísun	Efni
4.4		<ul style="list-style-type: none"> Reglum og verkferlum varðandi framkvæmd á sterkri sannvottun, sbr. 101. gr. gþl. Reikningsupplýsingaþjónustuveitendur skulu einnig veita upplýsingar um fyrirhugaða notkun gagna.
4.5		<p>Viðbúnaðaráætlun og áætlun um samfelldan rekstur til að tryggja áframhaldandi starfsemi og takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi félagsins. Viðbúnaðaráætlunin skal m.a. innihalda samskiptaáætlun við Fjármálaeftirlitið vegna yfirvofandi/yfirstandandi áfalla í rekstri. Sjá m.a. kafla 3.7 í viðmiðunarreglum EBAEBA/GL/2019/04.</p>
4.6		<p>Úttekt óháðs þriðja aðila á öryggi, rekstri og þróun upplýsingatækniherfa, þar sem úttektin tekur mið af EBA Guidelines on ICT and security risk management (EBA/GL/2019/04).</p> <p>Einnig er æskilegt að taka mið af stöðlum eins og ISO 27001, COBIT eða ITIL ef EBA viðmiðunarreglunar eru ekki nægilega ítarlegar fyrir viðkomandi.</p> <p>Úttektin og niðurstöður hennar skulu m.a. innihalda kafla um:</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag og öryggisstjórnun. Kaffinn skal m.a. innihalda upplýsingatæknistefnu, upplýsingaöryggisstefnu, útivistunarstefnu, öryggishandbók, upplýsingar um aðgangsstýringar, verkferla, viðbúnaðaráætlun (e. business continuity, disaster recovery), upplýsingar um raunlægan aðgang, lista yfir ytri aðila og aðgangsheimildir þeirra. Rekstur og eftirlit. Kaffinn skal m.a. innihalda upplýsingar um breytingastjórnun, verkefnastjórnun, gæðastjórnun, viðhald, aðskilnað umhverfa (þróun, prófun, raun), ábyrgðasvið, afritunartöku, atvikaskráningu, kennslu, æfingar og prófanir. Hugbúnaðarþróun, viðhald og innleiðing tölvukerfa. Kaffinn skal m.a. innihalda upplýsingar um verkferla, prófanir, gæðastjórnun og gagnastjórnun. Áhættugreining. Kaffinn skal m.a. innihalda upplýsingar um ferla og framkvæmd, meðhöndlun frávíka, ábyrgðarsvið, reglubundna framkvæmd og áhættumat. Upplýsingaöryggi. Kaffinn skal lýsingu á umgjörð um raunlægar varnir og netvarnir, og skal innihalda m.a. umfjöllun um veikleikamat, innbrotaprófanir og viðbragðsáætlanir. Útvistun. Kaffinn skal m.a. innihalda upplýsingar um hverju er útvistað, samninga (SLA), áhættumat og stjórnunarlega ábyrgð. <p>Úttekt óháðs aðila skal fylgja umsókn. Ef um nýtt fyrirtæki er að ræða skal leggja mat á fyrirhugað umhverfi. Þegar fyrirtæki hefur starfsemi skal skila nýrri úttekt á raunverulegu umhverfi.</p>
4.7		Starfsreglur stjórnar.
4.8	5. gr. A laga nr. 140/2018	Skriflegt áhættumat (ásamt aðferðafræði) sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt lögum nr. 140/2018 og fjármögnun geryðingarvopna samkvæmt lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna
4.9	5. gr. B laga nr. 140/2018	Aðferðafræði við áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.
4.10	5. gr. a laga nr. 140/2018	Skjalfest stefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun geryðingarvopna, sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.
4.11	5. gr. a laga nr. 140/2018	Upplýsingar um stýringar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun geryðingarvopna sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna (s.s. upplýsingatæknikerfi, hvers konar takmarkanir, reglur eða annað sem stýrir áhættu).
4.12	5. gr. a laga nr. 140/2018	<p>Verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun geryðingarvopna, sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Að lágmarki skulu vera verkferlar um eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> áreiðanleikakönnun, sbr. III. kafli laganna. reglubundið eftirlit, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna. eftirlit með því hvort einstaklingar eru í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla, við upphaf viðskipta og reglubundið, sbr. 17. gr. laganna. rannsókn á grunsamlegum viðskiptum, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 21 gr. laganna, þar sem m.a. koma fram:

Nr.	Lagatilvísun	Efni
4.12		<ul style="list-style-type: none"> - leiðbeiningar um hvað telst grunsamlegt og hvaða rauðu flögg og vápætti ber að þekja í starfseminni, - hvernig framkvæma á rannsókn, - hvernig greina á flóknar og óvenjulegar færslur, þ.á m óvenjulega háar færslur og viðskiptamynstur - kröfur til skriflegrar skýrslu - hvernig og hvert á að tilkynna grunsamleg viðskipti • tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu • könnun á hæfi starfsmanna þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram: <ul style="list-style-type: none"> - hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda - í hvaða tilvikum skuli krafist sakarvottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf - hvernig standa skuli að athugun áður en ráðning er gerð og með reglubundnum hætti, m.a. hvort ástæða sé til að fletta viðkomandi upp í opinberum skráum eða gagnagrunnum.
4.13	b-liður 5. gr. a laga nr. 140/2018	Upplýsingar um hvernig staðið skuli að því að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð.
4.14	3. mgr. 28. gr. laga nr. 140/2018	Verklagsreglur þar sem kveðið er á um aðgang starfsmanna og aðgangstakmarkanir þeirra að gögnum og upplýsingum sem varðveitt eru á grundvelli laganna.
4.15	III. kafli laga nr. 140/2018	Spurningalisti sem lagður er fyrir viðskiptamenn vegna áreiðanleikakönnunar.
4.16	33. gr. laga nr. 140/2018	Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun.
4.17	34. gr. laga nr. 140/2018	Upplýsingar um nafn sérstaks ábyrgðarmanns sem tilnefndur hefur verið úr hópi stjórnenda ásamt netfangi viðkomandi.
4.18	10. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2023	Verkferill tengdur eftirliti með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur eru á þvingunarlistum, þar sem m.a. kemur eftirfarandi fram: <ul style="list-style-type: none"> - hvaða kerfi er fyrirhugað að nota, - hvernig skimun við upphaf viðskipta og reglulega á samningstímanum verður háttað, - hvernig bregðast eigi við ef sannjálkvæðar niðurstöður koma upp og, - hvernig standa skuli að frýstingu fjármuna.
5	3. og 19. tölul. 4. gr. grþl.	Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
5.1		<p>Ársreikningar og ársskýrslur fyrir síðustu þrjú ár. Ársreikningur síðasta rekstrarárs skal vera endurskoðaður. Jafnframt er óskað eftir könnuðu milliuppgjör ef það liggur fyrir vegna núverandi rekstrarárs.</p> <p>Ef um nýtt félag er að ræða, skal senda fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem sendar hafa verið Fyrirtækjaskrá, þ.m.t. staðfestingu frá endurskoðanda um innborgað hlutafé.</p>
5.2		<p>Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. næstu þrjú rekstrarár þ.m.t. eiginfjáráætlun og uppbyggingu þess (ásamt útskýringum á meginþáttum í tekju- og skuldahlíð í rekstrinum), ásamt ítarlegri greinargerð þar sem m.a. koma fram forsendur fyrir rekstri (s.s. fjölda færslna, tekjur á hverja færslu, fjölda viðskiptavina, verðlagning og hagræði tengt vaxandi fjölda færslna) og fyrirhuguðum vexti, lausafjáráætlun, vænt sjóðstreymi og aðrar upplýsingar varðandi áætlunina. M.a. skal taka tillit til breytilegra forsendna og framkvæma álagspróf.</p> <p>Í umsóknarferlinu er m.a. lagt mat á lífvænleika og sjálfbærni viðskiptalíkansins. Því þarf jafnframt að gera grein fyrir væntri samkeppnishæfni félagsins á greiðslumarkaði, væntum notendum þjónustunnar, markaðsefni og dreifileiðum.</p>
5.3		Mat á eiginfjárþörf og áætlun um hvernig lágmarks eigið fé verður tryggt.
5.4		Fyrirhugað eiginfjárlutfall (CAR) og áætluð þróun þess næstu þrjú ár, m.v. þá aðferð sem er notuð við útreikning eiginfjár, auk samanburðar við beitingu annarra aðferða, skv. 9. gr. laga nr. 114/2021.
5.5		Upplýsingar um fjármögnun og fjármögnunarbörf.

Nr.	Lagatílvísun	Efni
5.6		Staðfesting á því að umsækjandi um leyfi til að veita þjónustu skv. g) og h) liðum 22. tölul. 1. mgr., 3. gr. laga nr. 114/2021 hafi tryggingu, skv. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 114/2021. Einnig þarf að fylgja útreikningur umsækjanda á tryggingaþörfinni.
5.7		Áætlun um fjárfestingar og fjárfestingarstefna félagsins.
6.	tölul. 4. gr. grþl.	Upplýsingar um stofnendur og hluthafa.
6.1		Nöfn og kennitölur stofnenda og upplýsingar um raunverulega eigendur.
6.2		Nöfn, kennitölur og stærð hlutar hluthafa (hluthafaskrá). Hlutaskrá skal innihalda fjölda hluta og hlutfall af útgefnu heildarhlutfé auk samtölu alls útgefins hlutfjár.
7	7. og 19. tölul. 4. gr. grþl.,	Upplýsingar um stjórn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur. Um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda samkvæmt skipulagi greiðslustofnunar gilda hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 eftir því sem við á, sbr. 11. gr. laga nr. 114/2021.
7.1		Eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn: <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Hafa skal samband við fjármálaeftirlitið er veitir frekari upplýsingar um þennan lið. Ef breytingar verða á högum stjórnarmanna og varðað geta hæfi viðkomandi sem stjórnarmanns hjá félaginu skal fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar.
7.2		Eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdastjóra: <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Hafa skal samband við fjármálaeftirlitið er veitir frekari upplýsingar um þennan lið. Ef breytingar verða á högum framkvæmdastjóra og varðað geta hæfi viðkomandi sem stjórnarmanns hjá félaginu skal fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar.
7.3		Reglur um hæfi lykilstjórnenda. Sjá leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010.
7.4		Skrá yfir lykilstarfsmenn, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljist til lykilstarfsmanna. Jafnframt er óskað eftir mati félags á hæfi lykilstjórnenda með tilliti til ferils viðkomandi og árangurs í fyrri störfum og hugsanlegrar rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins. Sjá leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010.
7.5		Afrit af yfirlýsingu sem starfsmenn undirrita, þar sem sýnt er fram á að þeim hafi verið kynntar verk-lagsreglur og innri ferlar félagsins ásamt ákvæðum er snúa að þagnarskyldu og viðurlögum.
7.6		Upplýsingar um hvort mat hafi verið lagt á samsetningu stjórnar, og ef svo er, afriti af niðurstöðum slíks mats.
7.7		Upplýsingum um endurskoðunarnefnd félagsins.
8		Staðfesting endurskoðanda á innborguðu stofnfé.
8.1		Undirrituð staðfesting frá ytri endurskoðanda að stofnframlag hafi verið greitt að fullu. Um stofnfé greiðslustofnunar fer eftir 7. gr. laga nr. 114/2021.
9.	19. tölul. 4. gr. grþl.	Upplýsingar um nán tengsl félagsins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 8. mgr. 12. gr. laga nr. 114/2021.
9.1		Upplýsingar um nán tengsl félagsins við einstaklinga eða lögaðila, m.a. lýsing á eignatengslum, yfirráðum eða samstarfi.
10.	8. tölul. 4. gr. grþl.	Virkir eignarhlutir í greiðslustofnun
10.1		Þeir aðilar sem byggjast fara með virkan eignarhlut í greiðslustofnun þurfa að skila tilkynningu þess efnis til fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 114/2021. Tekið skal fram að í starfsleyfisveitingu felst ekki samþykki á virkum eignarhlut heldur þarf að taka þá tilkynningu sérstaklega til skoðunar. Umsækjendum er bent á að kynna sér leiðbeiningar á heimasíðu Seðlabanka Íslands. https://www.fme.is/eftirlit/starfsleyfi-og-virkur-egnarhlutur/virkureignarhlutur/fjarmalafyrirtaeki/
11	19. tölul. 4. gr. grþl.	Aðrar viðeigandi upplýsingar.
11.1		Netfang til móttöku dreifibréfa frá fjármálaeftirlitinu (óháð einstökum starfsmönnum félagsins).

Nr.	Lagatilvísun	Efni
11.2		Nafn, kennitala, símanúmer og netfang ábyrgðarmanns félagsins á rafrænum skýrsluskilum til fjármálaeftirlitsins.
11.3		Nafn, sími og netfang tengiliðs við Fjármálaeftirlitið vegna umsóknar um starfsleyfi.
11.4		Staðfesting á greiðslu gjalds skv. 7. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald.